

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Efra-Haganess I og Brautarholts-Mýri.

Skipulagsstofnun staðfesti 10. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. febrúar 2025.

Í breytingunni felst að tvö ný verslunar- og þjónustusvæði eru skilgreind, Efra-Haganes I (lóð 3) á reit VÞ-12 og Brautarholt-Mýri á reit VÞ-13. Leyfilegt byggingarmagn á VÞ-12 er 220 m² á 0,8 ha svæði og á VÞ-13 er leyfilegt að byggja 340 m² á 1,2 ha svæði. Að öðru leyti gildi ákvæði um verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 10. október 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 24. október 2025